


Sjálfsmatsskýrsla

Djúpavogsskóli 2018-2019



Júní 2019
Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir

Skýrsla um sjálfsmat í Djúpavogsskóla veturinn 2018-2019

Inngangsorð

Þessi skýrsla fjallar um sjálfsmat í Djúpavogsskóla sem skiptist í grunn-, og tónskóla. Grunnskólinn er einsetinn heildstæður skóli með um 75 nemendur úr dreifbýli og þéttbýli Djúpavogshrepps. Um 40 nemendur stunduðu nám í tónskólanum í vetur. Í Djúpavogsskóla er lögð mikil áhersla á samkenndu, samvinnu og þverfaglega vinnu nemenda og kennara. Mikil áhersla er lögð á að nýta hið stórkostlega umhverfi sem skólinn er staðsettur í, bæði við leik og störf.

Mikil samvinna er milli skólans, Umf. Neista, og Djúpavogshrepps. Nemendur mæta í grunnskólann kl. 8:05 að morgni og hafa lokið íþrótt- og tónlistarnámi að stærstum hluta kl. 16:00. Nemendum úr dreifbýli er ekið í skólann að morgni og þeir síðan sóttir kl. 14:00 eða 15:00. Þá er sveitarfélagið í samstarfi við Hótel Framtíð og býður upp á niðurgreiðslu á heitum máltíðum í hádeginu á sanngjörnu verði.

Djúpavogsskóli er einstakur skóli. Samheldni starfsfólks, nemenda og forráðamanna er mjög mikil og er það sameiginlegt markmið að hér líði öllum vel og að allir fái menntun við hæfi. Þarfir einstaklingsins eru hafðar í fyrirrúmi, en að sama skapi er lögð mikil áhersla á samvinnu og samkennd.

Í skólanum fer fram fjölbreytt starf og við erum í sífellu að auka gæði náms og kennslu og erum við alltaf að bæta við nýjum kennsluháttum. Síðustu skólaár höfum við lagt sérstaka áherslu á umhverfis- og grenndarnám. Stefnt er að því að tengja starf skólans sem mest við umhverfi hans og fyrri reynslu nemenda, svo þeir hafi forsendur til að meta uppruna sinn og umhverfi að verðleikum. Auk þess á allt starf skólans að miða að því að nýta kosti, sérstöðu og séreinkenni byggðarlagsins sem mest. Þá skal stefnt að því að nemendur og starfsfólk skólans verði sér meðvitað um samspil manns og náttúru og temji sér að umgangast allt umhverfi sitt af virðingu og alúð. Því er lögð áhersla á öfluga umhverfisfræðslu sem einkennist af umfjöllun um Djúpavogshrepp, vistfræði sveitarfélagsins og umhverfisvernd. Lögð er áhersla á að nemendur geri sér ljósa grein fyrir mikilvægi verndunar lífræns og lífvana umhverfis og stuðli að því með hegðun sinni að viðhalda þeim möguleikum sem ómenguð og óspillt náttúra býr okkur. Djúpavogsskóli innleiðir nú hugmyndafræði Cittaslow inn í skólann, en sveitarfélagið Djúpavogshreppur varð aðili að hreyfingunni 2013.

Starfsfólk og nemendur skulu einnig verða meðvitaðir um sögu og menningu sveitarfélagsins síns, atvinnuhætti og sitt nánasta umhverfi. Nemendur og starfsfólk læri að koma fram hverjir við aðra af virðingu, umburðarlyndi og víðsýni, læri að meta séreinkenni hvernar manneskju og hjálpist að við að styrkja hvert annað.

Skýrsla sú sem hér birtist var unnin í júní 2019. Í henni er gert grein fyrir þeirri vinnu sem fram fór skólaárið 2018-2019. Eins og fyrri skýrslur má finna þessa á heimasíðu grunnskólans, auk þess sem hún verður send til **fræðslunefndar Djúpavogshrepps** og **sveitarstjórnar Djúpavogshrepps** til kynningar.

Verkefnin:

1. Byrjendalæsi og Orð af orði

Grunnskólinn hélt áfram innleiðingu Byrjendalæsis og gekk það mjög vel. Byrjendalæsi er mjög umfangsmikið og hefur innleiðingin tekið langan tíma. Henni er í raun formlega lokið en mikilvægt er að endurmenntun verði sinnt og að skólinn hlúi að þessu starfi. Byrjendalæsi er fyrst og fremst notað á yngsta stigi. Innleiðing hélt áfram á verkefninu Orð af orði en það er hugsað sem framhald á Byrjendalæsi. Nokkrir kennarar á mið- og unglingastigi sinntu verkefninu.

3. Úrbótalisti frá vori 2018

Áfram var unnið að því að grynna á úrbótalista skólans og náðist að klára nokkur atriði. Nýjan úrbótalista fyrir vorið 2019 fá finna í *fskj. 1*

4. Skólapúlsinn

Skólinn tók áfram þátt í Skólapúlsinum, sem er staðlaður spurningalisti sem sendur er nemendum foreldrum og starfsfólki. Skólaárið 2017-2018 svöruðu nemendur, starfsfólk og foreldrar spurningalistum. Svarhlutfall foreldra var 80,8%, starfshlutfall starfsfólks var 78,3% og svarhlutfall nemenda 90.0%

Hér fyrir neðan sést yfirlit yfir þættina sem mældir eru í nemenda- og foreldrakönnunum Skólapúlsins. Niðurstaða hvers þáttar er annað hvort meðaltal mæligilda á bilinu 0 til 10 eða hlutfall svarenda sem velja tiltekna svarmöguleika. Sem viðmiðunarregla er meðaltalsmunur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

. * Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða fyrir neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn í aftasta dálki fyrir aftan nafn þáttarins stjórnumerktur og með bláum stöfum +/- X,X. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 90% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu.

A: SPURNINGALISTI NEMENDA

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	5,2	27	0,0	4,7	16.236	0,5
1.2. Þrautseigja í námi	4,9	27	-0,2	4,9	16.206	0,0
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,9	27	0,3	5,0	16.431	-0,1
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,0	27	-0,4	4,8	16.414	0,2
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,4	27	-0,4	4,9	16.208	-0,5
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,5	27	0,0	4,8	16.417	-0,3

Í þessum þætti eru engar niðurstöður sem sýna meiri frávik en 0,5. Gleði vekur að ánægja af lestri er enn yfir landsmeðaltali en að sama skapi vekur það áhyggjur að nemendur hafi ekki trú á eigin námsgetu.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsáliti	4,2	27	0,2	4,7	16.179	-0,5
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,1	27	-0,0	4,7	16.147	-0,6*
2.3. Vellíðan	4,2	27	0,0	4,8	16.350	-0,6*
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	11	-	-	-	-
2.5. Einelti	6,1	27	0,1	5,3	16.327	0,8*
2.6. Tíðni eineltis	18,5%	5 _{/27}	-2,8%	12,2%	2081 _{/16274}	6,3%
2.7. Staðir eineltis	-	5	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	50,0%	13 _{/26}	-	44,7%	7153 _{/15949}	5,3%
2.9. Hollt mataræði	4,5	27	0,2	4,8	16.073	-0,3

Þegar kemur að sjálfsáliti, stjórn á eigin lífi og vellíðan mælast okkar nemendur enn undir landsmeðaltali. Gleði vekur þó að frávikið hefur minnkað, frá síðustu könnun og má vonandi þakka það samstarfi skóla og foreldra í að fá námskeið, fyrirlestra og vinna með þessa þætti. Áfram verður unnið með þá næsta skólaár.

Tíðni eineltis hefur einnig lækkað frá síðasta ári en er enn allt of hátt. Drengir í skólanum mælast töluvert undir landsmeðaltali en stúlkurnar langt yfir. Þegar skoðað er í hverju það felst þá eru það þættir eins og að skilja útundan, segja eitthvað særandi og annað í þeim dúr. Einnig eitthvað særandi á netinu. Þegar skoðað er hvar eineltið á sér stað þá svara tveir nemendur úti á skólalóð, einn segir inn í frímínútum, einn í kennslustund, tveir í leið í og úr skóla, einn í íþróttatíma, einn í búningasklefa, einn á netinu og tveir segja heima hjá sér eða hjá vini.

Gleðilegt er að sjá að enn erum við langt ofan við landsmeðaltal þegar kemur að hreyfingu og eru strákarnir langt yfir og stelpurnar rétt yfir.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,2	27	0,2	4,9	16.055	-0,7*
3.2. Samband nemenda við kennara	4,6	27	-0,4	5,0	16.259	-0,4
3.3. Agi í tímum	5,5	27	0,1	4,9	16.248	0,6*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,2	27	-0,3	5,1	16.218	0,1
3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu	5,2	27	-	4,7	14.813	0,5

Samsömun við nemendahópinn hefur lagast frá síðustu könnun en er enn yfir landsmeðaltali. Unnið hefur verið með bekkjaranda í vetur og verður þeirri vinnu framhaldið næsta skólaár þannig að vonandi náum við þessu þætti enn frekar niður. Nemendur eru mun ánægðari með aga í tímum en verið hefur.

Opin svör nemenda

a) Hvað er gott við skólann.

Flestir nemendur tala um gott samband við kennara og starfsfólk, segja að hér eigi þeir góða vini og það sé gott að vera í þessum skóla. Einhverjir tala um góðan mat, að fótboltavöllurinn sé góður, það sé hljótt í skólanum og að kennararnir séu alltaf til staðar þegar eitthvað bjátar á. Einhverjir tala um skemmtilegar kennslustundir.

b) Hvað má betur fara í skólanum.

Einn nemandi segir að ekki sé hlustað á nemendur og nokkrir segja að kynjaskipting á sparkvellingnum sé ósanngjörn. Einn talar um að unglingarnir hafi of lítið pláss og fái ekki nógu mikið næði, það séu allt of margar reglur og að kennarar hagi sér stundum á óviðeigandi hátt. Tveir nemendur segja að kennarar öskri á þá. Nokkrir nemendur eru ósáttir við að mega ekki hafa símana í skólanum. Einn nemandi er ósáttur við allt plássið sem kennararnir fá í skólanum undir vinnuaðstöðu.

Þá vilja nemendur láta laga salernin, vantar fleiri leiktæki. Skólinn er strangur, má ekki koma með óholtt nesti.

B: SPURNINGALISTI FORELDRA

1. Nám og kennsla

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	4,5	28	5,2	4.477	-0,7*
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	69,0%	20 _{/29}	90,6%	3989 _{/4378}	-21,6%*
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	88,9%	24 _{/27}	82,1%	3710 _{/4452}	6,8%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	53,6%	15 _{/28}	78,2%	3439 _{/4406}	-24,6%*

Ánægja foreldra með nám og kennslu mælist undir landsmeðaltali og eru það fyrst og fremst foreldrar barna í 5.-7. bekk sem eru óánægðir. Ef skoðað er í hverju sú óánægja felst þá eru frávikin hæst þegar kemur að ánægðu foreldra með hversu hæfir og metnaðarfullir kennararnir eru, fimm foreldrar eru ekki ánægðir með kennsluaðferðirnar sem eru notaðar og fjórir telja að ekki sé verið að koma til móts við námslegar þarfir nemenda.

Þá er ánægja með stjórnun skólans langt undir landsmeðaltali og eru þar einnig foreldrar nemenda í 5.-7. bekk óánægðastir. Átta foreldrar telja að skólanum sé illa stjórnað og eitt foreldri telur að honum sé mjög illa stjórnað.

Þá telja foreldra að ekki sé nægilegur agi í skólanum, foreldrar drengja og foreldrar barna í 8.-10. bekk hafa mestu áhyggjurnar af þessum þætti.

2. Velferð nemenda

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,8	32	4,8	4.361	0,0
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	85,7%	24 _{/28}	87,5%	3812 _{/4328}	-1,8%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	93,1%	27 _{/29}	91,3%	4113 _{/4488}	1,8%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	89,7%	26 _{/29}	91,0%	4087 _{/4481}	-1,3%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	82,8%	24 _{/29}	89,7%	4025 _{/4490}	-6,9%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	21,4%	6 _{/28}	9,3%	437 _{/4407}	12,1%*
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	30,0%	3 _{/10}	58,6%	433 _{/755}	-28,6%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	20,0%	2 _{/10}	56,8%	414 _{/746}	-36,8%*
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	72,0%	18 _{/25}	82,8%	3122 _{/3767}	-10,8%
2.10. Meðaltímabil eineltis	2,2	10	1,4	763	0,7
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	10	-	-	-

Þegar kemur að því að mæla ánægju foreldra varðandi það hvernig skólinn mætir þörfum nemenda þá mælumst við undir landsmeðaltali. Það sem býr til þennan mæliþátt er að tveir foreldrar eru frekar óánægðir með umsjónarkennarann, þrír foreldrar eru óánægðir með aðra kennara og fjórir foreldrar eru óánægðir með annað starfsfólk.

Þegar kemur að því að mæla líðan nemenda í skólanum mælumst við yfir landsmeðaltali og eru það foreldrar drengja sem eru ánægðari. Það er ánægjulegt en að sama skapi mælumst við undir þegar kemur að líðan nemenda í kennslustundum og frímínútum. Varðandi kennslustundirnar þá eru það foreldrar stúlkna og nemenda í 8.-10. bekk sem telja að nemendum líði ekki alltaf vel og varðandi frímínúturnar þá eru það foreldrar stúlkna í 5.-7. bekk sem skora hæst þar.

Varðandi einelti þá erum við yfir landsmeðaltali þar, hvað varðar umfang og einnig það hvernig og hversu hratt skólinn vinnur úr eineltismálum. Foreldrar fjögurra stúlkna og tveggja drengja telja að barnið þeirra hafi verið lagt í einelti. Um er að ræða einn nemanda í 1.-4. bekk, tvo nemendur í 5.-7. bekk og þrjá nemendur í 8.-10. bekk.

Níu foreldrar tala um að eineltið eigi sér stað úti í frímínútum og sex segja inni í frímínútum. Þá tala fimm um einelti í kennslustundum, átta í hádeginu, einn á leiðinni í og úr skóla, þrír í íþróttatímum, fjórir í búningasklefum, einn á netinu og tveir annars staðar.

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	4,8	28	5,4	4.405	-0,6
3.2. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu	4,6	27	5,0	2.637	-0,4
3.3. Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili	96,4%	27 _{/28}	60,3%	2740 _{/4464}	36,1%*
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu	-	1	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	73,1%	19 _{/26}	80,1%	3208 _{/3971}	-7,0%
3.6. Notkun á mötuneyti	92,9%	26 _{/28}	89,0%	4015 _{/4439}	3,9%
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti	-	-	-	-	-

Foreldrar eru ekki ánægðir með aðstöðuna í skólanum og má þar helst tiltaka, aðstöðu fyrir nemendur í frímínútum, möguleikum á tómstundaiðkun eftir skóla, aðgang nemenda að tölvum, aðbúnað í kennslustofum og aðstöðu til að matast.

Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu og ánægja með hana er yfir landsmeðaltali.

Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti hefur minnkað milli ára og eru drengir og nemendur 5.-7. bekkjar óánægðastir

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	6,3	32	5,0	4.386	1,3*
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	70,0%	21 _{/30}	57,6%	2556 _{/4222}	12,4%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	65,5%	19 _{/29}	60,7%	2534 _{/4028}	4,8%
4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	24	-	-	-
4.5. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	24	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	96,9%	31 _{/32}	94,5%	4151 _{/4387}	2,4%
4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	32	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	53,1%	17 _{/32}	54,4%	2282 _{/4224}	-1,3%
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	78,1%	25 _{/32}	84,8%	3396 _{/4055}	-6,7%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	50,0%	16 _{/32}	80,0%	3483 _{/4380}	-30,0%*
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	65,5%	19 _{/29}	72,8%	3283 _{/4463}	-7,3%

Foreldrar telja að kennarar hafi oftast frumkvæði að foreldrasamstarfi en gengur og gerist og þeir eru langt yfir landsmeðaltali þegar kemur að því að þeir hafi áhrif á ákvarðanir skólans gagnvart nemendum. Þeir telja að leitað sé eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina. Þegar kemur að ánægju með síðasta foreldraviðtal þá erum við komin yfir landsmeðaltalið sem er mjög ánægjulegt því gerðar voru breytingar á fyrirkomulagi foreldraviðtala á þessu skólaári og hafa þær greinilega fallið í góðan jarðveg hjá foreldrum.

Foreldrar taka minni þátt í gerð námsáætlunar með börnum sínum og þeir skora mun lægra þegar mælt er hversu mikilvægt þeim finnst það vera.

Mikil óánægja er með heimasíðu skólans og foreldrar telja sig illa upplýsta um stefnu skólans og námskrá.

5. Heimastuðningur

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,4	32	5,0	4.334	0,4*
5.2. Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	4,8	32	4,7	4.311	0,1
5.3. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,8	32	4,4	4.266	0,4
5.4. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	71,9%	23 _{/32}	74,4%	3185 _{/4263}	-2,5%
5.5. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	62,5%	20 _{/32}	53,1%	2306 _{/4277}	9,4%
5.6. Væntingar foreldra um háskólanám	71,0%	22 _{/31}	78,0%	2988 _{/4002}	-7,0%
5.7. Væntingar foreldra um iðnnám	16,1%	5 _{/31}	10,4%	491 _{/4002}	5,7%

Foreldrar vilja almennt meira heimanám og þeir eru mun duglegri en landsmeðaltalið segir til um þegar kemur að því að aðstoða nemendur við heimanám. Þá erum við langt undir landsmeðaltali þegar kemur að væntingum foreldra varðandi háskólanám en langt yfir þegar kemur að væntingum foreldra varðandi iðnnám.

Opin svör foreldra

a) Hvað er gott við skólann.

Þeir foreldrar sem svara þessari spurningu segja m.a. að allt sé gott, að börnin fari glöð í skólann og þau komi glöð heim. Hér séu einstaklega góðir kennarar sem eru fylgnir sér og hafa virðingu nemandans, eitt foreldri segir að þetta sé „flottur skóli“ hann hafi samanburð af öðrum skólum og þessi sé „flottur.“ Talað er um frábært starfsfólk og að komið sé til móts við þarfir allra barna, hvort sem þau séu bráðger, með hegðunar- eða námsvanda. Talað er um að kennslan sé góð, haldið sé vel utan um hvert barn og að umhyggja gagnvart börnunum sé mikil. Eitt foreldri talar um hversu gott það sé hvernig skólinn vinnur þvert á aldurshópa. Talað er um að kennaramenntaðir starfsmenn séu góðir og það þurfi að fá fleiri menntaða til starfa. Eitt foreldri minnst á að gott sé að símanotkun nemenda í skólanum hafi verið bönnuð.

b) Hvað má betur fara í skólanum.

Foreldrar tala um ýmislegt, m.a.:

Bæta þarf gæslu þegar nemendur fara á milli húsa

Betri agastýringu, nokkrir tala um það

Skoða þarf frí og veikindi starfsfólks

Hætta að upphefja lélega leiðbeinendur

Minnka kennslu í gegnum myndbandaáhorf, gæta þarf að því að efnið sem sýnt er sé við hæfi hvers aldurs fyrir sig

Tveir foreldrar tala um að það eigi að fara minni tími í árshátíð

Stækka þarf húsnæðið

Tryggja hraðar internet

Byggja við þannig að tónlistarskólinn komist fyrir
 Starfsfólk skólans er nánast allt kvenkyns og því eru kvenlægar áherslur í skólanum.
 Vantar karlkyns kennara
 Vantar skipulag, eftirfylgni, jákvæðni segir eitt foreldri
 Eitt foreldri segir að það þurfi einhver að taka málstað barnsins
 Annað foreldri segir að það þurfi að taka betur á félagslegri stöðu barnsins
 Eitt foreldri vill minnka heimalærdóm
 Eitt foreldri talar um að það þurfi að taka á stjórnunarháttum – að það vanti að raddir foreldra fái hljómgrunn
 Vantar betra upplýsingaflæði varðandi sérkennsluna
 Þarf að grípa fyrir inni þegar sést að nemandi nái ekki hæfniviðmiðum
 Eitt foreldri talar um að skólinn starfi eftir gömlum venjum og hefðum og það sé tímabært að breyta um áherslur, fá til þess fagaðila. Sama foreldri talar um mikilvægi þess að fá óháðan aðila til að taka út skólastarfið og að vinna þurfi eftir skólastefnunni.

a) Ábendingar varðandi heimasíðu skólans.

Erfitt að finna það sem leitað er að. Nokkrir foreldrar tala um að eftir að nýja síðan kom þá tynist grunnskólinn þar inni. Og þegar búið sé að finna skólann þá séu upplýsingar af skorum skammti.

Sumir vilja fá meiri fréttir af starfi skólans, myndir af nemendum.

Útskýra þarf betur hvernig Cittaslow tengist inni skólastarfið.

Setja þarf inn upplýsingar um „Uppeldi til ábyrgðar“ hvernig innleiðingin gengur og fyrir hvað þetta stendur

B: SPURNINGALISTI STARFSFÓLKIS

1. Allir starfsmenn - Almennt

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	64,7%	11 _{/17}	74,8%	956 _{/1258}	-10,1%
1.2. Gagnsemi starfsmannaviðtals	100,0%	10	87,3%	790 _{/887}	12,7%
1.3. Tíðni áreitni meðal starfsfólks	5,6%	1 _{/18}	17,1%	214 _{/1267}	-11,5%
1.4. Tíðni eineltis meðal starfsfólks	0%	0 _{/18}	9,7%	120 _{/1267}	-9,7%

Fjöldi starfsmannaviðtala undanfarið ár var undir landsmeðaltali en 100% ánægja var með þau viðtöl sem voru. Tíðni áreitni meðal starfsfólks er langt undir landsmeðaltali, aðeins einn starfsmaður telur sig hafa orðið fyrir áreitni. Einelti meðal starfsfólks er 0.

2. Allir starfsmenn - Viðhorf til skólans

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Starfsánægja í skólanum	4,8	18	5,2	1.279	-0,4
2.2. Starfsandi innan skólans	4,2	18	5,0	1.263	-0,8*
2.3. Stjórnun skólans	4,4	17	5,0	1.252	-0,6
2.4. Upplýsingastreymi innan skólans	2,5	18	4,6	1.267	-2,1*
2.5. Starfsumhverfi í skólanum	4,9	18	5,0	1.263	-0,1

Starfsánægja í skólanum er góð en starfsandi mælist aðeins undir landsmeðaltali og sama má segja um stjórnun skólans. Þá finnst starfsmönnum upplýsingastreymi innan skólans ekki nægjanlegt.

3. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja með kennarastarfið	5,1	12	5,0	772	0,1
3.2. Trú kennara skólans á eigin getu	4,6	11	4,7	775	-0,1
3.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	5,9	10	5,0	725	0,9
3.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	27,3 mín	11	39,2 mín	681	-11,9 mín*
3.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	84,6%	11 _{/13}	73,5%	582 _{/795}	11,1%
3.6. Öllum bekknum kennt í einu	69,2%	9 _{/13}	45,5%	348 _{/775}	23,7%
3.7. Hópavinna í bekk	15,4%	2 _{/13}	31,7%	241 _{/761}	-16,3%
3.8. Einstaklingsvinna í bekk	25,0%	3 _{/12}	35,1%	270 _{/778}	-10,1%
3.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	53,8%	7 _{/13}	54,4%	424 _{/780}	-0,6%
3.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	25,0%	3 _{/12}	16,2%	122 _{/748}	8,8%
3.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	76,9%	10 _{/13}	78,7%	599 _{/764}	-1,8%
3.12. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum (annað)	-	1	-	-	-

Kennarar í skólanum eru ánægðir með starfið sitt og hafa trú á eigin getu. Þeir eyða meiri tíma í upplýsingamiðlun til foreldra en gengur og gerist. Meðaltími í heimavinnu pr.

nemenda á viku er um 12 mín minni en á landinu öllu. Þá eru kennarar í Djúpavogsskóla mun lengur í undirbúningi undir kennslu í skólanum auk þess sem þeir kenna öllum bekknum í einu oftari. Minna eru um hópavinnu og einstaklingsvinnu og erum við rétt undir landsmeðaltali þegar kemur að einstaklingsmiðaðri kennslu. Kennarar nýta ennþá próf til námsmats en nota einnig og æ oftari aðrar aðferðir.

4. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	5,6	11	5,1	730	0,5
4.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,3	11	5,3	726	0,0
4.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	4,2	12	5,0	760	-0,8
4.4. Samráð um kennslu	4,0	10	5,0	743	-1,0
4.5. Samvinna um kennslu	5,6	10	5,1	729	0,5
4.6. Valddreifing við ákvarðanatöku	4,1	10	4,9	697	-0,8
4.7. Virk samvinna um skólaþróun og umbætur	3,9	11	4,7	736	-0,8
4.8. Vinnuaðstæður kennara	4,1	12	5,1	751	-1,0*

Kennarar telja sig fá góðan stuðning vegna nemenda með námserfiðleika og hegðunarörðugleika. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara mætti vera meiri og hafa aukið samráð um kennslu. Þá þarf að fara í markvisst starf varðandi skólaþróun og umbætur og laga vinnuaðstæður kennara.

5. Kennarar - Mat og endurgjöf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.1. Umfang mats og endurgjafar	36,4%	4 _{/11}	66,6%	490 _{/727}	-30,2%*
5.2. Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara	27,3%	3 _{/11}	53,1%	387 _{/713}	-25,8%
5.3. Sanngirni mats og endurgjafar	100,0%	3	94,0%	499 _{/529}	6,0%
5.4. Gagnsemi mats og endurgjafar	75,0%	3 _{/4}	88,8%	439 _{/493}	-13,8%
5.5. Nýting á niðurstöðum kennaramats	2,4	9	4,3	491	-1,9*

Bæta þarf umfang mats og endurgjafar frá stjórnendum. Kennarar eru hins vegar 100% ánægðir með sanngirni mats og endurgjafar en ekki ánægðir með gagnsemina.

6. Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
6.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	27,3%	3/11	43,7%	318/726	-16,4%
6.2. Símenntunarþörf kennara	7,5	12	5,4	750	2,1*
6.3. Símenntunarþörf kennara (annað)	-	1	-	-	-
6.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	75,0%	9/12	54,7%	402/742	20,3%
6.5. Hindranir í símenntun kennara	-	-	-	-	-
6.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	11	-	-	-

Kennarar eyða mun minni tíma í símenntun en landsmeðaltal segir til um og hafa áhuga á því að bæta við þar.

Opin svör starfsfólks

a) Hvað er gott við skólann.

Starfsmenn skólans tala um gott og skemmtilegt starfsfólk, góðan vinnu- og starfsanda. Þá er talað um góð samskipti milli starfsmanna og að starfsfólkið styðji hvert annað. Talað er um dásamlega nemendur og að það sé gaman í vinnunni. Talað er um að stjórnendur séu sveigjanlegir og tillitssamir og að skólastjóri sýni nærgætni.

b) Hvað má betur fara í skólanum.

Talað er um að það þurfi betri stjórnun, að aðstoðarskólastjóri þurfi að taka fleiri ákvarðanir þegar skólastjóri er ekki í húsi.

Bæta þarf skipulag á forföllum

Bæta þarf upplýsingastreymi

Stækka þarf skólann, bæta aðstöðu og fá betri leikvöll fyrir nemendur

Stundum er bil milli kennara og almenns starfsfólks

Taka þarf betur á vandamálum sem koma upp

Lokaorð

Skólapúlsinn er nýtt og mjög gott mælitæki fyrir Djúpavogsskóla. En eins og með allar mælingar mun fyrirlögn hans ein og sér ekki skila neinu, heldur er mjög mikilvægt að taka allar ábendingarnar sem fram hafa komið og vinna markvisst að því að laga það sem hægt er. Ljóst er að nú þegar hefur ýmislegt verið gert af því sem fram kom en við munum halda áfram að bæta okkur eins og við mögulega getum. Settur hefur verið saman úrbótalisti úr þeim þáttum sem komu ekki nægilega vel út, **fskj.1** og munum við á næsta skólaári einbeita okkur að því að betrumbæta það sem hægt er.

Djúpivogur, 27. júní 2019

Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1 Úrbótalisti, vor 2019

Heimildaskrá

Sjálfsmat skóla. Leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar. 1997. Menntamála-ráðuneytið

Úrbótalisti – samantekt vor 2018

Verkefni	Framkvæmdaaðili	Staða	Áætluð verklök
Tröppurnar við ÍMD	Forstöðumaður ÍMD	Bréf í júní 2008	Ólokið
Þakið á ÍMD	Forstöðumaður ÍMD	Bréf í júní 2008	Ólokið
Heildstæð stefna um nýtingu skólamannvirkja	Sveitarstjórn í samvinnu við starfsfólk skóla, skólastjóra og foreldrafélag	Hönnun viðbyggingar.	Í vinnslu
Betra aðgengi fyrir fatlaða í skólanum	Skólastjóri og sveitarstjórn	Í vinnslu	Óákveðið
Einelti meðal nemenda	Starfsfólk skólans og starfsfólk Íþróttamiðst.	Í vinnslu	Málin rædd við nemendur, farið í markvissa vinnu. Endurmetið í Skólapúlси, vor 2019
Staðir eineltis	Starfsfólks skólans, Neista og ÍþMD	Í vinnslu	Unnið áfram Endurmetið Skólapúlси, vor 2019
Fjölbreyttari kennsluaðferðir	Kennarar og stjórnendur	Í vinnslu	Í vinnslu
Fjölbreyttari námsmatsaðferðir	Kennarar og stjórnendur	Í vinnslu	Í vinnslu
Mat og endurgjöf til kennara	Stjórnendur	Í vinnslu	Í vinnslu
Auka áhuga á stærðfræði. Gera aðgerðaráætlun	Kennarar og stjórnendur í samstarfi við Skólaskrifstofu Austurl.	Hefst 2019-2020	Í vinnslu
Sjálfskraust og líðan nemenda. Samsömun við nemendahópinn	Starfsfólk skóla í samstarfi við foreldra	Hófst haustið 2018	Í vinnslu
Meiri aga. Hefja innleiðingu Uppeldi til ábyrgðar	Stjórnendur / starfsfólk	Hófst haustið 2018	Í vinnslu
Virkja foreldra þegar kemur að ákvörðunum í skólanum	Stjórnendur og stjórn foreldrafélags	2019-2020	Í vinnslu
Stuðla að því að nemendur borði hollari mat	Skólinn og foreldrar	2019-2020	Í vinnslu
Skoða síma- og netnotkun heima þar sem einelti mælist einnig þar	Skólinn og foreldrar	2019-2020	Í vinnslu
Fjölga karlkyns kennurum	Fræðslunefnd	2020-2021	Auglýsa sérstaklega næsta skólaár
Fækka leiðbeinendum	Skólinn og fræðslunefnd	2019-2020	Í vinnslu
Bæta upplýsingaflæði varðandi sérkennslu (funda oftast með foreldrum)	Skólinn og verkefnastjóri sérkennslu	2019-2020	Í vinnslu
Tryggja að gripið sé inn í strax ef nemendur eru ekki	Skólinn	2019-2020	Í vinnslu

að ná hæfniviðmiðum			
Auglýsa störf mun betur en gert hefur verið	Skólinn og sveitarfélagið	Vor 2020	Haldið áfram eins og var gert vorið 2019
Efla þarf forvarnarumræðu	Skólinn	2019-2020	Í vinnslu
Skipta þarf um stjórnanda	Skólastjóri	Júní 2019	Lokið
Huga þarf að endurmenntun starfsfólks	Skólinn	2019-2020	Í vinnslu
Fjölga þarf starfsmannaviðtölum	Skólinn	2019-2020	Í vinnslu
Bæta þarf upplýsingastreymi innan skólans	Skólinn	2019-2020	Í vinnslu
Dreifa þarf ákvarðanatöku	Skólinn	2019-2020	Í vinnslu
Bæta þarf samvinnu um skólaþróun og umbætur	Skólinn	2019-2020	Í vinnslu
Bæta þarf vinnuaðstæður kennara	Skólinn	2019-2020	Í vinnslu
Bæta skipulag á forföllum	Skólinn	2019-2020	Í vinnslu